

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2011.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um upptöku Tobin-skatts (119.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér úttekt á upptöku Tobin-skatts.

Viðskiptaráð Íslands hefur fengið til umsagnar ofangreinda tillögu en hún er tvíþætt. Annars vegar er lagt til að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að komið verði á viðræðum til að undirbúa upptöku Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa. Hins vegar er lagt til að fram fari markviss athugun á því hvort Íslendingar ættu að setja skatt á gjaldeyrisviðskipti af stærðargráðu sem einhverju nemur til þess að verjast óábyrgri spákaupmennsku með gjaldmiðil þjóðarinnar.

Hugmyndir um að draga úr skilvirkni fjármálamarkaða með skattálagningu á viðskipti skjóta reglulega upp kollinum í kjölfar fjármálakreppa. Tilgangurinn með slíkri skattlagningu er að draga úr ávinningi af skammtímastöðutöku þannig að hlutfall spákaupmennsku verði ekki ráðandi í markaðsviðskiptum. Tobin-skattlagning, þ.e. skattur sem er brot úr prósentu á viðskipti með gjaldmiðla, er, fræðilega, vel til þess fallinn að draga úr umfangi spákaupmennsku. Enn er þó deilt um hvort slík skattlagning sé framkvæmanleg. Hún þyrfti að leggjast á gjaldeyrisviðskipti á heimsvísu. Erfitt er að sjá hvernig unnt væri að framfylgja slíkri skattlagningu enda mikil hagnaðarvon í því að svíkjast undan að innheimta skattinn og stofna heimsmiðstöð gjaldeyrisviðskipta.

Undir venjulegum kringumstæðum eykur spákaupmennska dýpt og skilvirkni markaða og veitir því markaðsaðilum ákveðið aðhald. Spákaupmennska eykst oft verulega þegar verðlagning á mörkuðum leitar af einhverjum ástæðum langt frá jafnvægisgildi, líkt og gengi krónunnar gerði til dæmis á árunum 2004 til 2005, og getur magnað verðsveiflur. Undirliggjandi ástæður ójafnvægisins eru yfirleitt ekki spákaupmennskan sjálf. Aðdragandi gjaldeyriskreppa er oftast en ekki mikil skuldsetning í erlendri mynt. Stöðutaka íslenskra heimila og fyrirtækja sem fólst í erlendri skuldsetningu íbúðarhúsnæðis og fyrirtækjarekstrar olli mun meiri skaða en stöðutaka spákaupmanna.

Ekki er alveg ljóst hvað felst í fyrri tillögunni, þ.e. að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að komið verði á viðræðum til undirbúnings skattlagningar. Ekki er ljóst hve miklu fjármagni stendur til að veita í þetta verkefni. Ef tilgangurinn er að draga úr líkum á fjármála- og gjaldeyriskreppum er líklega vænlegra að leita leiða til að draga úr skammtímaávinningi heimila, fyrirtækja, fjármálastofnana og sveitarfélaga af skuldsetningu í öðrum gjaldmiðlum en tekjur þeirra eru í.

Seinni tillagan er að fram fari athugun á því hvort Íslendingar ættu að setja skatt á gjaldeyrisviðskipti yfir ákveðnum fjárhæðarmörkum („af stærðargráðu sem einhverju nemur“) til að verjast óábyrgri spákaupmennsku með gjaldmiðil þjóðarinnar. Sennilegt er að slík skattlagning kæmi niður á erlendri fjárfestingu í landinu á sama tíma og heppilegt væri að auka hana. Hugsanlega mætti þó skoða slíka skattlagningu sem myndi aðeins verða virk þegar vaxtamunur við útlönd fer yfir ákveðin mörk. Það kynni að draga úr innflæði fjármagns vegna vaxtamunarviðskipta og halda aftur af styrkingu krónunnar og gefa peningastefnunni rými til að miðlast eftir markaðsvöxtum.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að ofangreind tillaga nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Lúðvík Elíasson
Hagfræðingur
Viðskiptaráð Íslands